



## Almenn skilyrði fyrir rekstri matsöluvagna í Reykjavík

### 1. Gildissvið og skilgreining:

- a. Skilyrði þessi gilda fyrir matsöluvagna sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Í skilyrðum þessum er matsöluvagn skilgreindur sem aflokaður vagn eða bifreið með sölulúgu þar sem seld eru matvæli sem framleidd eru af rekstraraðila, hvort sem matvælin eru framleidd í vagninum eða í annarri starfsstöð og/eða seld eru matvæli sem framleidd eru af aðila með starfsleyfi til þeirrar framleiðslu. Ef rekstraraðili matsöluvagnsins ætlar sjálfur að framleiða matvæli annars staðar en í vagninum þarf að sækja um starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi.

### 2. Leyfi:

- a. Götu- og torgsöluleyfi þarf að liggja fyrir frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar ef starfrækja á matsöluvagn á borgarlandi í Reykjavík. Sjá nánar hér: <http://reykjavik.is/thjonusta/gotu-og-torgsala>.
- b. Ef vilyrði fæst um götu- og torgsöluleyfi skal sækja um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsóknareyðublað um starfsleyfi má nálgast hér: <http://reykjavik.is/thjonusta/leyfisveitingar-heilbrigdiseftirlitsins>.
  - i. Ef reka á matsöluvagninn á einkalóð verður að gæta að ákvæðum skipulags. Í þessum tilfellum skal liggja fyrir jákvæð umsögn frá skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar áður en umsókn um starfsleyfi er samþykkt.
- c. Í umsókn um starfsleyfi skal koma fram ítarleg lýsing á starfsemi og á umfangi hennar.

### 3. Skyldur starfsleyfishafa, matvælaöryggi, framleiðsla og markaðssetning:

- a. Starfsleyfishafi skuldbindur sig til að sjá um að starfsemin og rekstur matsöluvagnsins sé í fullu samræmi við skilyrði þessi, sértæk starfsleyfisskilyrði ef við eiga og gildandi lög og reglur sem um starfsemina gilda.
- b. Starfsleyfishafi skal greiða fyrir útgáfu starfsleyfis og eftirlitsferðir heilbrigðisfulltrúa skv. gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- c. Framsal starfsleyfis er óheimilt.
- d. Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað.
- e. Starfsleyfishafi skal starfrækja innra eftirlit sem tekur mið af starfseminni og umfangi hennar. Sjá nánar hér: <http://www.mast.is/matvaelastofnun/innra-efftirlit/>.
- f. Samkvæmt matvælalögum ber starfsleyfishafi ábyrgð á að matvæli sem dreift er úr matsöluvagninum séu örugg, ekki heilsuspillandi eða óhæf til neyslu.
- g. Starfsleyfishafi skal haga starfsemi sinni í samræmi við meginreglur um almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt. Matvælin skal geyma þannig að þau verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt.
- h. Óheimilt er að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki neytendur að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif.



#### 4. Búnaður matsöluvagns:

- a. Útlit, innrétting og búnaður skal vera fullnægjandi að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur miðað við fyrirhugaða starfsemi. Búnaðarkröfur geta náð til eftirfarandi atriða:
  - i. Til staðar skal vera heitt og kalt vatn. Vatn skal vera neysluvatn.
  - ii. Handlaug með heitu og köldu vatni og við hana fljótandi lyktarlaus handsápa, pappírspurrkur og gerileyðir í veggföstum skömmturum. Handlaugin skal vera með handfrjálsum blöndunartækjum.
  - iii. Áhalda- og tækjavaskur. Þar sem er umfangsmeiri matargerð skal einnig vera matvælavaskur.
  - iv. Handlaug og vaskar skulu tengd við söfnunarkút fyrir óhreint vatn. Söfnunarkúturinn skal tæmdur á viðeigandi hátt (sjá nánar um losun undir liðnum „Þrif og ræstiaðstaða“).
  - v. Flugnabani (flugnaljós).
- b. Innréttingu, búnað og tæki skal vera auðvelt að þrifa og sótthreinsa.

#### 5. Meðferð matvæla:

- a. Gæta skal fyllsta hreinlætis í sambandi við flutninga, geymslu, meðferð og sölu á matvælum.
- b. Á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar skulu matvælin varin gegn mengun sem líklegt er að geri þau óhæf til neyslu, skaðleg heilsu eða svo menguð að ekki er eðlilegt að telja þau hæf til neyslu í því ástandi.
- c. Nægjanlega góð aðstaða skal vera til staðar til geymslu matvæla á tryggilegan hátt og við rétt hitastig. Kælivara skal geymd við 0-4°C og frystivara við a.m.k. -18°C. Heitum matvælum, s.s. pylsum, skal haldið við 60°C eða hærra hitastig.
- d. Í dreifingu skal tryggja að heitum matvælum sé haldið við a.m.k. 60°C, kælivörum við 0-4°C og frystivörum við a.m.k. -18°C.

#### 6. Framleiðslu- og dreifingaraðilar:

- a. Öll matvæli sem boðin eru til sölu í matsöluvagninum skulu framleidd af aðila sem hefur starfsleyfi frá opinberum eftirlitsaðila sem heimilar framleiðslu umræddra matvæla eða er á skrá yfir frumframleiðendur hjá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.
- b. Ef ekki er hægt að geyma öll matvæli í matsöluvagninum sem á að nota við rekstur hans þarf rekstraraðili að geyma þau í lagerhúsnæði sem hefur starfsleyfi frá opinberum eftirlitsaðila. Gera þarf grein fyrir þessu fyrirkomulagi í starfsleyfisumsókn og tilgreina hvar lagerinn er staðsettur.

#### 7. Miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda:

- a. Starfsfólk skal geta gefið ítarlegar upplýsingar um innihald matvæla biðji viðskiptavinir um það. Sérstök krafa er um miðlun upplýsinga um efni eða vörur sem geta valdið ofnæmi eða óþoli (sjá viðauka). Æskilegt er að upplýsingunum sé miðlað skriflega en heimilt er að gefa þær upp munnlega. Starfsfólk skal fá viðunandi fræðslu og þjálfun í að veita upplýsingarnar.
- b. Á matsöluvagninum skal vera skilti sem gefur til kynna með skýrum hætti hvar viðskiptavinir geta nálgast upplýsingar um innihald matvæla, þ.m.t. upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda. Sjá dæmi í viðauka.



#### 8. Aðbúnaður starfsfólks:

- a. Starfsfólk skal vera snyrtilegt til fara og klæðast hreinum hlífðarfatnaði og höfuðbúnaði.
- b. Í vagninum skal vera aðstaða til að geyma persónulega muni á borð við fatnað og verðmæti. Tryggja þarf aðskilnað persónulegs fatnaðar og hlífðarfata.
- c. Ef vagninn hefur fasta staðsetningu skal starfsfólk hafa aðgang að salernisaðstöðu sem ætluð er fyrir starfsfólk matvælafyrirtækja og skal skriflegur og undirritaður samningur / yfirlýsing þess efnis fylgja starfsleyfisumsókn. Samningurinn / yfirlýsingin skal hafa gildistíma. Salernisaðstaðan skal vera nálægt matsöluvagninum. Breyting á þessu fyrirkomulagi skal gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Notkun almenningsalerna eða salerna í heimahúsum er óheimil.
- d. Einungis er heimilt að hafa snyrtingu í matsöluvagninum ef það samræmist fyrirhugaðri starfsemi. Seyra skal losuð á viðurkenndum losunarstöðum. Sjá nánar hér: <http://www.ust.is/library/Skrar/Kort/kort-seyrulosun.html>.

#### 9. Þrif og ræstiaðstaða:

- a. Matsöluvagninum skal haldið hreinum þannig að öryggi matvæla sé ekki ógnað. Rekstraraðili skal hafa aðgang að ræstiaðstöðu. Nota skal sérstök áhöld til þrifa sem eingöngu eru ætluð fyrir matsöluvagninn. Gera skal grein fyrir fyrirkomulagi þrifa í starfsleyfisumsókn.
- b. Ef ræstiaðstaða er í vagninum með ræstilaug skal óhreint ræstivatn losað í skólþ en ekki í regnvatnsræsi. Frárennslisop við götur geta verið tengd við regnvatnsræsi en það fer eftir því hvort frárennsliskerfið á svæðinu er sameiginlegt (regnvatn frá götum og skólþ rennur í sama kerfi) eða aðskilið (regnvatn frá götum og skólþ eru í sér kerfum). Það er á ábyrgð rekstraraðila að kynna sér frárennslismál á sölusvæði sínu.

#### 10. Athafnasvæði:

- a. Ílát fyrir sorp skulu vera á sölustað.
- b. Halda skal nánasta umhverfi matsöluvagnsins þrifaugu. Ef misbrestur er á því getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur farið fram á að sölusvæði sé þrifið á kostnað rekstraraðila.

#### 11. Meðferð úrgangs:

- a. Geyma skal og farga sorpi á viðunandi hátt. Að lágmarki skal sorp fjarlæggt daglega. Í starfsleyfisumsókn skal gera grein fyrir meðferð og förgun úrgangs.
- b. Notuð matarolía og fita sem fellur til við eldamennsku (s.s. við djúpsteikingu) er spilliefni sem fara þarf með til aðila sem hefur leyfi frá opinberum eftirlitsaðila til móttöku og meðhöndlunar á spilliefnum. Fá þarf kvittanir fyrir skilum. Kvittanir þurfa að vera aðgengilegar til skoðunar fyrir opinberan eftirlitsaðila. Óheimilt er að hella matarolíu eða annarri fitu í frárennslislagnir.

#### Viðauki:

Listi yfir efni eða vörur sem geta valdið ofnæmi eða óþoli er í II. viðauka reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, með síðari breytingum. Reglugerðin var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1294/2014). Reglugerðina má finna [hér](#).



## Hvað er í matnum?

### Ertu með fæðuofnæmi eða –óþol?

Vinsamlega hafðu samband við starfsfólk okkar til að fá upplýsingar um innihaldsefni matvælnanna  
Takk fyrir

Mynd 1 Dæmi um skilti sem gefur til kynna með skýrum hætti hvar viðskiptavinir geta nálgast upplýsingar um innihald matvæla, þ.m.t. upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda.

Skilyrði þessi voru samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 13.10.2017.